

Ed.

405. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðs-tryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. mgr., skal kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenskra skipshafna, að svo miklu leyti sem það getur tekið hana að sér, að dómi stjórnar félagsins, annað hvort á eigin ábyrgð eða með endurtryggingu, sé hún fánleg. Nú er endurtrygging eigi fánleg, og ábyrgist þá rikissjóður bótagreiðslunnar.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélagum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.